



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. júlí 2025
USK23060327

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 25. júní 2025 varðandi eftirfarandi mál:

Tillaga að reglum fyrir deilibílaeigur innan gjaldsvæða Bílastæðasjóðs - leiðrétting

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar dags. 19. júní 2025 um reglur um bílastæðakort fyrir deilibíla og deilibílakort.

Samþykkt.

Vísað til borgarráðs

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og áheyrnarfulltrúa Vinstri grænna:

Þetta er aðgerð til að styðja betur við deilibílaeigur en þær skipta miklu máli þegar kemur að svigrúmi fólks til að eiga ekki eigin bíl eða nýta ekki. Lagt er upp með að deilibílaeigur geti sleppt við að greiða á gjaldskyldusvæðum með sérstöku deilibílakorti. Notkunin er skilyrt við bíla sem ganga fyrir vistvænan orkugjafa.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Framsóknarflokksins:

Framsókn styður tillögu að reglum fyrir deilibíla innan gjaldsvæði bílastæðasjóðs, en flokkurinn var með í móta umræðu um þetta mál á síðasta ári. Með því að veita deili bílum þessa undanþágu frá greiðslu á gjaldi er verið að hvetja til aukinnar notkunar á þessari tegund almenningssamgangna sem mun létta á umferð í Reykjavík.

Auðun Helgason
*Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið*

Fylgiskjöl: Tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar dags. 19. júní 2025 um reglur um bílastæðakort fyrir deilibíla og deilibílakort



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð
Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Reykjavík, 19. júní 2025
USK23060327

TILLAGA

Tillaga

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki meðfylgjandi reglur um bílastæðakort fyrir deilibíla, deilibílakort.

Greinargerð:

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs miðvikudaginn 9. október 2024 var lagt fram minnisblað frá Eflu með tillögum til að efla stöðu deilibíla í Reykjavík. Meirihlutinn í Reykjavík taldi að næsta skref væri að vinna upp úr minnisblaðinu endanlegar aðgerðir er snúa að deilibílum í Reykjavík. Í samræmi við þær er hér lagt til að rekstaraðilar einnar ferðar deilibíla geti að uppfylltum skilyrðum reglnanna fengið bílastæðakort sem veitir umræddu ökutæki heimild til að leggja án frekari gjaldtöku í bílastæði Reykjavíkurborgar.

Ein deilibílaeiga er starfandi í dag. Núverandi fyrirkomulag hefur verið að rekstaraðilinn hefur greitt fyrir gjaldskyldu í samræmi við viðveru ökutækjanna innan gjaldskyldra svæða. Til að styðja við rekstur deilibílaþjónustu er lagt til að gjaldskráin fyrir deilibílakort fylgi verðlagningu á íbúakorti (íbúakort 1), en með því væri þó hægt að leggja þeim innan allra íbúakortasvæða.

Litið er á reglurnar sem tilraunaverkefni. Gert er ráð fyrir að reglurnar gildi til loka árs 2027 en áður en þær renna út verði með hliðsjón af reynslunni af þeim, tekin ákvörðun um hvort þær skulu endurnýjaðar eða aflagðar.

Óskað er eftir því að reglurnar verði send áfram til borgarráðs til endanlegrar afgreiðslu.

Virðingarfyllt,
Rakel Elíasdóttir
deildarstjóri reksturs bílastæðasjóðs

Hjálagt: Tillaga að reglum um deilibílakort og minnisblað frá Eflu



Reykjavík

Reglur um bílastæðakort fyrir deilibíla

Númer xxx/2025.

1. gr.

Reglur þessar gilda fyrir deilibílaeigur sem starfrækja einnar ferðar deilibíla. Það er skammtímaútleigu ökutækja þar sem upphaf ferðar er ekki nauðsynlega á sama stað og lok ferðar og ökutæki er bókanlegt í innan við klukkustund í gegnum snjallforrit aðgengilegu almenningi.

2. gr.

Reykjavíkurborg gefur út bílastæðakort fyrir deilibíla, deilibílakort, sem veita heimild til að leggja deilibíl án endurgjalds í gjaldskylda stöðureiti og bílahús borgarinnar. Fyrir hvert deilibílakort skal greiða gjald í samræmi við gjaldskrá hverju sinni. Reglur um hámarkstíma gjaldsvæða eiga ekki við um deilibíla með deilibílakort. Deilibílakortið gildir ekki á lóðum eða í bílahúsum einkaaðila og þar með ekki á gjaldsvæði P4.

3. gr.

Eitt deilibílakort er gefið út fyrir hvern deilibíl. Deilibílakort er eingöngu gefið út fyrir deilibíla sem ganga fyrir rafmagni eða vetni og sem eru ekki lengri en 5,3 m eða breiðari en 2 m.

4. gr.

Sækja skal um deilibílakort með rafrænum hætti á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

Umsókn um deilibílakort skal fylgja staðfesting á gildu starfsleyfi bílaleigu frá Samgöngustofu.

Ef eigandi ökutækis er annar en fyrirtæki sem sækir um deilibílakort skal fylgja staðfesting á afnotum af bifreiðinni, t.a.m. samningur um leigu á bifreiðinni.

Reykjavíkurborg aflar annarra nauðsynlegra upplýsinga frá umsækjanda og úr opinberum skrá, svo sem þjóðskrá og ökutækjaskrá, eftir því sem við á og í samræmi við gildandi lög.

5. gr.

Deilibílakort skulu gefin út með rafrænum hætti til eins árs í senn, en þó aldrei til lengri tíma en samningur um umráð ökutækis ber með sér.

Deilibílakort verður óvirkt þegar skilyrði fyrir útgáfu þess eru ekki lengur uppfyllt, t.a.m. ef rekstri er hætt eða vegna sölu ökutækis. Handhafa deilibílakorts ber að upplýsa um breytingar á bílaflota eða rekstri bílaleigunnar sem hafa áhrif á heimild hans til að nýta deilibílakort. Deilibílakorthafi verður að sækja um nýtt deilibílakort/endurnýja deilibílakort með nýrri umsókn.

6. gr.

Deilibílaeiga skal sjá til þess að deilibíll með deilibílakort sé:

- Vel sýnilega merktur deilibílaeigu.
- Ekki á negldum hjólbörðum.
- Ekki óhreyfður í bílastæði á gjaldskyldu svæði lengur en 12 klst. Ökutæki sem staðið hefur óhreyft í þann tíma skal færa á svæði þar sem ekki er gjaldskylda.

7. gr.

Til að Reykjavíkurborg geti metið árangur af stuðningi við deilibílaleigur með deilibílakortum skal deilibílaleiga veita Reykjavíkurborg a.m.k.eftirfarandi upplýsingar um hvern deilibíl:

- a. Fjölda ferða/bókana á mánuði.
- b. Fjölda bókaðra klukkustunda á mánuði.
- c. Fjölda ekinna kílómetra á mánuði.
- d. Meðallengd ferða á mánuði.
- e. Hlutfall ferð undir 5 km.
- f. Hlutfall ferða yfir 20 km.

8. gr.

Reykjavíkurborg getur ógilt deilibílakort ef handhafi verður uppvís að misnotkun, svo sem ef skilyrði kortsins sbr. 1. gr, 4. gr , 5. gr. og/eða 6. gr. eru ekki lengur uppfyllt. Reykjavíkurborg getur að sama skapi ógilt öll deilibílakort sem úthlutað hefur verið til deilibílaleigu ef hún gerist uppvís að misnotkun á einu korti. Reykjavíkurborg skal tilkynna rekstaraðila deilibílaleigu um ógildingu korts samkvæmt ofangreindu.

9. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum, voru samþykktar á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann xx. xx 2025 og á fundi borgarráðs þann XXX taka gildi við birtingu en þó ekki fyrir 1. september 2025. Reglur þessar eru tímabundnar og gilda til 31. desember 2027.

Borgarstjórinn í Reykjavík, XX XX XXXX

9.10.2024

Efla deilibílaþjónustu í Reykjavík

Tillögur

Daði Baldur Ottósson

Samgönguverkfræðingur M.Sc

Deilibílar

Af hverju deilibílar?


- Samdrætti í útblæstri frá samgöngum má ná fram með margvíslegum hætti en ljóst er að bæði þarf til fjölbreyttar aðgerðir til að ná markverðum árangri
- Mikilvægur liður í að auðvelda íbúum að lifa án einkabílsins eða eiga færri einkabíla, er aðgengi að deilibíl
- Að deila bíl er líka spurning um betri landnotkun – einkabíllinn situr í bílastæði 95% af líftíma hans
- Rannsóknir hafa sýnt fram á að kostir deilibíla eru ótvíræðir s.s. draga úr umferð og fækka bílum í eignum einstaklinga
 - Tveggja-ferða deilibílar komast næst því að leysa einkabílinn af hólmi og hafa rannsóknir sýnt að hver deilibíll fækkar einkabílum um 5 til 15
 - Eins-ferða deilibílar auka sveigjanleika þegar kemur að ákvörðunum til að ferðast frá A til B án einkabílsins – oft vinsælli kostur en tveggja-ferða deilibíll

Deilibílar

Tegundir

- **Tveggja-ferða deilibílar** (e. two-way) virka á þann hátt að bílar eiga sitt *heima* bílastæði eða -svæði þar sem notandi finnur bílinn og skilar svo aftur í lok ferðar.
- Algengasta mynd deilibíla og getur komið alfarið í stað einkabílsins fyrir heimili sem og fyrirtæki/stofnanir.
- **Einnar-ferðar deilibílar** (e. one-way) eru bílar sem eru fyrst og fremst notaðir til að komast frá einum stað til annars, þ.e. aðeins ein ferð er farin, notandi ekur bílnum sjálfur og skilar bílnum af sér með að leggja í stæði innan skilgreinds þjónustusvæðis.
- Hraður vöxtur erlendis
- Stórborgir

Fjöldi bíla á heimili




Deilibílar


Helstu áskoranir

- Sá þáttur sem dregur einna mest úr líkum þess að fólk noti vistvæna ferðamáta er einkabílaeign og hefur það áhrif á næstum alla þætti þess hvernig við ferðumst daglega.
- Hátt hlutfall einkabíla á hvert heimili
 - 1,7 bíll á heimili skv. nýjustu ferðavenjukönnun = nærri einn bíll á hvern fullorðinn einstakling
 - Að fækka bílum á heimili er langtímaverkefni
- Íbúapéttleiki og stærð höfuðborgarsvæðisins
 - Lítil pettleiki í sumum hverfum og íbúafjöldi getur dregið úr rekstrarhagkvæmni deilibílaleiga
 - Tíminn verður að leiða í ljós hversu vel einnarferða deilibílaþjónusta gengur í Reykjavík og nágrenni


Ferðamáti eftir fjölda bíla á heimili





Staða deilibíla á höfuðborgarsvæðinu í dag



- Deilibílaþjónusta hófst 2017 í Reykjavík
- Zipcar er ekki lengur með rekstur dag
 - Tveggja-ferða fyrirkomulag
- Deilibílar hafa haft jákvæð áhrif á ferðavenjur í Reykjavík (EFLA, 2020)
 - Notendur deilibíla eiga færri bíla og ferðast oftar með almenningssamgöngum sbr. við aðra íbúa á höfuðborgarsvæðinu
 - Einn deilibíll fækkar einkabílum um fjóra
 - Allt að 50 notendur á einum bíl
- Tilraunaverkefni í Garðabæ og Hafnarfirði
 - Mikilvægt að sveitarfélög nýti sér þjónustuna
- Á vormánuðum 2022 hóf Hopp að bjóða upp á einnar-ferðar deilibíla í vesturhluta Reykjavíkur, þar sem ferðir mega byrja og enda hvar sem er innan þjónustusvæði Hopp
 - 40-45 bílar í dag
 - Um 100 notendur að einum bíl að meðaltali



Að deila bíl...



Í hverju felst öflugri deilibílaþjónusta í Reykjavík?

- Ljóst er að öflugri deilibílaþjónusta felst í betra framboði af deilibílum
- Notendur deilibíla á Íslandi í dag telja helstu framfarir felast í
 - Meiri sveigjanleika hvar bílar eru sóttir/ skilað
 - Fleiri bílum nærri heimili
- Borgir út í heimi yfirleitt með tveggja-ferða deilibílaþjónustu en einnar-ferða deilibílaþjónusta verður sífellt vinsælli
 - Eins-ferða bílar vinsælli kostur á síðustu árum vegna meiri sveigjanleika, en fækkar mögulega ferðum sem farnar eru með almenningssamgöngum.
 - Eins-ferða bílar má helst finna í stærri borgum og eru yfirleitt þjónustusvæði bundin við þéttustu hverfin
 - Þarf talsvert marga bíla til að viðhalda viðunandi þjónustustigi

Hvaða verkefnum hefur Reykjavíkurborg staðið að?

Helstu leiðir til þess að styðja við eða hraða vexti deilibíla

- ✓ Útvega deilibílaaleigum bílastæði í borgarlandi
 - Verklagsreglur vegna stæða undir deilibílaaleigur á borgarlandi Reykjavíkur
- ✓ Skipulags- og bílastæðakvaðir sem styðja við notkun deilibíla
 - Reglur um fjölda bíla og hjólastæða í Reykjavík
 - 50+ íbúðir, þá hægt að skipta út 3-5 bílastæðum fyrir eitt deilibílastæði
 - 100+ bílastæði, þá verði að útvega a.m.k. eitt deilibílastæði
- ❑ Fjárhagsaðstoð / stuðningur
 - ❑ Stóð til að bjóða deilibíla fyrir borgarstarfsmenn (auglýst eftir áhugasömum aðilum árið 2018)
 - ❑ Tillaga að styrkja rekstur deilibíla á nýjum svæðum innan borgarmarka. Haustið 2021 voru drög að reglum um styrkveitingu voru borin undir innkaupaskrifstofu og Samkeppniseftirlitið sem gerðu ekki athugasemdir við tillöguna.

Reglum um fjölda bíla- og hjólastæða

Kröfur um deilibílastæði

2. Deilibílar

Þar sem fólk kýs að deila bíl í stað þess að eiga bíl til einkanota, sýna rannsóknir að einn deilibíll getur komið í stað 5-20 einkabíla.

Á svæði 1, þar sem áætlaðar eru 50 íbúðir eða fleiri, er mögulegt að skipta út 3-5 bílastæðum fyrir eitt deilibílastæði. Ef uppbygging á svæði 2 er nálægt biðstöð almenningssamgangna með gott/hátt þjónustustig má einnig gera ráð fyrir einu deilibílastæði í stað 3-5 bílastæða.

Reykjavíkurborg gerir kröfu um að nýbyggingar með 100 eða fleiri íbúðum á svæði 1 útvegi a.m.k. 1 bílastæði fyrir deilibílaþjónustu.

Uppbyggingaraðili / lóðarhafi semur við deilibílaþjónustu um nýtingu á deilibílastæðum. Deilibílastæði skal vera staðsett nálægt inngangi og aðgengilegt öllum, óháð því hvort fólk býr/starfar á viðkomandi svæði eða ekki. Þar sem því verður ekki komið við, skal deilibílastæðið vera innan 400 m göngufjarlægðar frá inngangi, líkt og önnur bílastæði.

Dæmi um breytta bílastæðapörf með tilkomu deilibíla:

Byggja á fjölbýlishús á svæði 1 með 180 íbúðum, 30% 2-herbergja og 70% 3-herbergja. Samkvæmt bílastæðakröfum skal gera ráð fyrir 140 bílastæðum fyrir íbúa og gesti:

$$((180 \text{ íbúðir} \cdot 0,3) \cdot 0,5 \text{ stæði}) + ((180 \text{ íbúðir} \cdot 0,7) \cdot 0,75 \text{ stæði}) + (180 \text{ íbúðir} \cdot 0,1 \text{ gestastæði}) = 140 \text{ stæði}$$

Með tveimur deilibílastæðum er mögulegt að fækka bílastæðum um $(2 \cdot 5) = 10$ stæði. Þannig dregur úr bílastæðapörf húsnæðisins, úr 140 stæðum í **132 stæði**, þ.e. 130 bílastæði íbúa og gesta + 2 bílastæði deilibíla.

Dæmi um breytta bílastæðapörf með samgöngustefnu:

Byggja á fjölbýlishús og skrifstofuhúsnæði á svæði 1.

Uppbyggingaraðilar vilja stuðla að því að íbúar og starfsmenn noti almenningssamgöngur til og frá vinnustað. Fyrirhuguð uppbygging er staðsett við biðstöð almenningssamgangna með

Verklagsreglur og gjaldskrá



VERKLAGSREGLUR

vegna staðs undir deilíbíla fyrir borgarandi Reykjavíkur

1. Tilgangur og gildissvið

1.1. Tilgangur þessara verklagsreglna er að tryggja að gagnsætt og opið verklag sé viðhaldið við úthlutun bílastæða á borgarandi Reykjavíkur vegna deilíbílaþjónustu. Deilíbílaþjónustur, sem þess dæki, geta fengið úthlutað staði undir deilíbílaþjónustu á borgarandi og á löðum/vi bílastæðahúsum í eigu borgarinnar, á gjaldskrárverð, gegn því að standast ákveðnar gæðakröfur/skilyrði sem lýst er hér á eftir.

2. Orðskýringar

2.1. Deilíbíl er bíleifi sem er í eigu og rekin af deilíbílaeigu.
2.2. Deilíbílaeiga er samtök eða fyrirtæki sem býður upp á aðgengi að deilíbílum gegn gjaldi þar sem deilíbílar eru loðanlegir frá einni klukkustund upp í nokkra daga af meðlimum deilíbílaeigunnar.
2.3. Meðlimar í deilíbílaeigu eru einstaklingar/fyrirtæki sem hefur uppfyllt skilyrði deilíbílaeigunnar og greitt til að fá aðgengi að deilíbílum hennar.
2.4. Deilíbílastæði er staði fyrir deilíbíl. Staðið er merkt nafni deilíbílaeigunnar.

3. Skilyrði deilíbílaeigu

3.1. Áskilin þjónusta deilíbílaeigu
3.1.1. Deilíbílar skulu vera bókanlegir frá einni klukkustund upp í nokkra daga.
3.1.2. Deilíbílaeiga þarf að sjá til þess að hagi sé að bóka bíl í gegnum netuðu eða snjálisma-app.
3.1.3. Deilíbílaeiga skal bjóða upp á þjónustuver. Meðlimir eiga alltaf að geta hringt inn til að tilkynna umferðaróhapp eða vandamál, til dæmis við bíkun.
3.1.4. Deilíbílaeigir eiga að halda rafrænt yfirlit yfir notkun deilíbíla.
3.2. Kynningarmál
3.2.1. Deilíbílaeigir eru ábyrgar fyrir því að markaðssetja þjónustu sína.
3.3. Góðn
3.3.1. Deilíbílaeiga mun upplýsa Reykjavíkurborg um fjölda deilíbíla, staðsetningu þeirra og grunnupplýsingar (línagöð, tegund um sérhvern deilíbíl sem er í notkun hverju sinni, óháð því hvert deilíbíl er staðsettar á borgarandi eður ei.
3.3.2. Til að gera Reykjavíkurborg kleift að meta árangur á innleiðingu deilíbíla og taka upplýstar ákvarðanir um frambíld deilíbílaþjónustu í borginni, þurfa deilíbílaeigir að sanna upplýsingum um notkun deilíbíla og deilíbílastæða, sem og meðlimaupplýsingar (ekki persónuþekjanlegar). Til viðmiðunar getu eftirfarandi upplýsingar verið veittar til borgarinnar áni/óðungulega eða á hálfs árs fretti:

Upplýsingar um hvern deilíbíl

- Fjöldi bókaðra klukkustunda á mánuði
- Fjöldi bókaðra á mánuði
- Nýtingarhlutfall bíleifna á mánuði
- Fjöldi víðna klómnetta á mánuði
- Meðallengd ferða á mánuði
- Fjöldi ferða yfir 50 km á mánuði
- Fjöldi ferða á vikudögum samanborið við helgardaga

Meðlimsupplýsingar

- Fjöldi meðlima á mánuði (greinarmannur gerður á fyrirtækja-meðlimum og einstaklingum).
- Fjöldun meðlima í hverjum mánuði
- Fjöldun meðlima eftir svæðum, t.d. hverfum/póstnúmerum.

3.3.3. Deilíbílaeiga gerir ferðavenjulegum árlaga meðal meðlima sinna. Með þeim hætti er hagi að skilja betur hvernig deilíbílar hafa áhrif á ferðaverjur íbúa. Könnunin skal vera unnin í samráði við Reykjavíkurborg.

3.4. Kröfur um deilíbíla

- Deilíbílar skulu vera vel merktir deilíbílaeigu til að auðveldi meðlimum deilíbílaeigunnar og almenningi að þekkja bílana.
- Deilíbílaeiga skal leitað við að bjóða upp á vinstærar bíleifðar.
- Deilíbílar skulu ekki vera á neðlum hjórbörðum.
- Bíleifið skal ekki vera lengri en 5,3 metrar eða breiðari en 2 metrar nema með leyfi Reykjavíkurborgar.

4. Úthlutun deilíbílastæða

- Reykjavíkurborg tekur við umsóknum um deilíbílastæði, metur umsóknir og útfærir endanlega staðsetningu deilíbílastæða í samráði við deilíbílaeigu og gerir samninga þar um.
- Umsókn skal berast til umhverfi- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, Borgarsíni 12-14, ásamt eftirtöldum fylgigögnum:
 - Nafn á deilíbílaeigu
 - Tilfaga að staðsetningum:
 - Nafn á götu og næstu gatnamótum
 - Kort eða mynd af akjósunlegum staðsetningum
 - Upplýsingar um bíleifðar sem munu vera staðsettar í úthlutuðum bílastæðum.
 - Ósk um dagsetningu sem bílastæði verði tilbúið til úthlutunar.
 - Lýsing á því hvernig deilíbílaeiga ætlar að uppfylla skilyrði, samkvæmt verklagsreglum.
- Umsóknjandi skal ótvíga Reykjavíkurborg skilið skýrmerkt deilíbílaeigu til að auðkomna deilíbílastæði og greiða umsóknjandi fyrir skilið. Reykjavíkurborg leiðbeinir og samþykkir hönnun skilta.

Gjaldskrá fyrir deilíbíla 2024

Lýsing	Tegund bílastæðis	Eining	Verð kr.
Staðsetning			
Við götukant	Ekki gjaldskylda	Mánaðargjald	2.800
		Ársgjald	33.600
Við götukant eða á bílastæðalóð	Gjaldskylda P1	Mánaðargjald	55.000
		Ársgjald	660.000
	Gjaldskylda P2	Mánaðargjald	7.800
		Ársgjald	93.600
	Gjaldskylda P3	Mánaðargjald	5.800
		Ársgjald	69.600
Bílastæðalóð	Ekki gjaldskylda	Mánaðargjald	2.800
(t.d við skóla, sundlaugar og bókasöfn)		Ársgjald	33.600

Efla deilibílaþjónustu í Reykjavík

Tillögur

1. Útfæra deilibílakort sem veitir aðgang að stæðum í borgarlandi
2. Innleiða styrki fyrir deilibílaþjónustu
3. Fylgja eftir og meta árangur deilibíla á uppbyggingarreitum
4. Reykjavíkurborg bjóði upp á deilibíla fyrir borgarstarfsmenn
5. Stefnumörkun um deilibíla


The chart displays the daily count of shared bicycles ('deilibíla') from March 2022 to August 2024. The y-axis ranges from 0 to 60. A significant increase occurs in early 2023, peaking at nearly 50 bikes in April. Following this peak, the numbers fluctuate between approximately 38 and 45 bikes through 2023 and into 2024.

Tími	Fjöldi bíla
03	8
04	10
05	9
06	10
07	7
08	11
09	12
10	11
11	11
12	15
01	17
02	16
03	30
04	48
05	42
06	42
07	43
08	44
09	44
10	43
11	44
12	43
01	39
02	38
03	38
04	41
05	43
06	42
07	44
08	44

Tillaga 1

Útfæra deilibílakort sem veitir aðgang að stæðum í borgarlandi

Ár	Kostnaður v/ gjaldskyldra stæða
2022	234.622 kr.
2023	1.932.625 kr.
2024	2.877.166 kr.



Tillaga 1

Útfæra deilibílakort sem veitir aðgang að stæðum í borgarlandi

- Deilibílakort veitir deilibílum aðgengi að öllum almennum bílastæðum á borgarlandi, þ.m.t. íbúakortasvæðum innan gjaldskyldra svæða.
- Gjaldskrá deilibílakorta endurspeglar gjaldskrá íbúakorta
 - Verði deilibílakort stofnað núna verði gjaldið því **1.300 kr./mán.** fyrir bíla sem ganga eingöngu fyrir rafmagni eða öðrum hreinum orkugjafa og **að hámarki 2.600 kr./mán.** fyrir aðrar bifreiðar
 - Enn fremur er lagt til að **næstu fimm árin séu deilibílar sem eingöngu eru knúnir rafmagni undanþegnir greiðslu á deilibílakortum.** Er það gert til þess að tryggja rekstraraðilum hjá deilibílaaleigum fyrirsjáanleika og styðja við rekstur þeirra sem kjósa að nota rafmagnsbifreiðar í sínum rekstri.

Tillaga 2

Innleiða styrki fyrir deilibílaþjónustu

- Tvær leiðir eru færar til þess að Reykjavíkurborg geti stutt við rekstur deilibílaþjónustu
 - *Styrkveiting* – Styrkveiting getur haft þann megintilgang að styðja rekstraraðila í að fjölga deilibílum í Reykjavík á nýjum svæðum þar sem þjónustan er ekki aðgengileg í dag. Styrkurinn kemur til móts við það tekjutap sem verður þar til deilibíll er sjálfbær í rekstri og því ávallt um tímabundna styrkveitingu að ræða.
 - *Verðfyrirspurn/útboð* - Tveggja-ferða deilibílar eru ekki lengur aðgengilegir íbúum Reykjavíkur í dag og þar með væri líka hægt að auglýsa útboð þ.e. leita að áhugasömum aðila eða lægstbjóðanda sem fengi styrk til að koma þjónustunni á laggir og rekstrarstyrk til nokkurra ára, líkt og gert var þegar Reykjavíkurborg styrkti deilihjólaleigu.

Tillaga 2

Innleiða styrki fyrir deilibílaþjónustu

- Lagt til að:
 - Að komið yrði á fót styrkjum í sambærilegri mynd og finna má í drögum að reglum sem hafa verið útfærðar, sjá viðauka B.
 - Að bjóða út þjónustusamning um rekstur deilibílaleigu (tveggja-ferða) í Reykjavík.
- Hægt er að útfæra styrki eða þjónustusamning á þann hátt að um tímabundin verkefni sé að ræða t.d. til tveggja eða þriggja ára, sem svo er endurskoðað og árangur metinn að þeim tíma liðnum.

Tillaga 3

Fylgja eftir og meta árangur deilibíla á uppbyggingarreitum

- Til að tryggja eftirfylgni og mæla árangur reglna um bíla- og hjólastæði, þá er lagt til að:
 - Haldið sé markvisst utan um það hvaða uppbyggingarreitir hafa nýtt sér þessa heimild.
 - Tekin sé ákvörðun um hvenær og hvaða gögnum uppbyggingaraðilar skulu skila inn um deilibíla en æskilegt er að þeir tryggi rekstur þeirra til þriggja ára og að íbúar fái sjálfkrafa aðgang að þeim.
 - Þegar uppbyggingu er lokið verði tryggt að Reykjavíkurborg taki út hvort deilibílastæði sé merkt og hvaða deilibílaleiga sé ábyrg fyrir rekstrinum.



Tillaga 4

Reykjavíkurborg bjóði upp á deilibíla fyrir borgarstarfsmenn

- Ein skilvirkasta leiðin fyrir sveitarfélög til þess að innleiða deilibílaþjónustu, án þess að það sé greitt niður sérstaklega, er að semja við deilibílaþjónustu fyrir sinn eigin bílaflota.
 - Með því er bæði starfsmönnum og íbúum kleift að deila sama bílnum, en yfirleitt er mesta notkun starfsmanna á bílum yfir daginn á virkum dögum meðan notkun íbúa er meiri á kvöldin og um helgar.
- Árið 2023 eru rúmlega 300 bifreiðar í notkun hjá Reykjavíkurborg, þar af 200 sem eru á rekstrarleigusamningi. Að auki eru um 380 bílar ýmist í eigu eða leigu hjá b-hlutafyrirtækjum borgarinnar.
- Lagt til að Reykjavíkurborg myndi óska eftir tveimur til tíu deilibílum tímabundið í tvö ár. Skoða þyrfti hvort verkefnið yrði einskorðað við fleiri en eitt svið borgarinnar. Í framhaldinu yrðu kostir og gallar verkefnisins metnir.

Tillaga 5

Stefnumörkun um deilibíla

- Mikilvægt er að marka sér stefnu um deilibíla og upplýsa almenning um kosti deilibíla. Í stefnumörkun myndi m.a. felast að setja markmið um fjölda deilibíla og hlutfall þeirra sem eiga einkabíl.
- Settar hafa verið fram tvær aðgerðir Reykjavíkurborgar sem tengjast deilibílum með einum eða öðrum hætti.
 - Loftslagsaðgerðaráætlun borgarinnar undir meginmarkmiðinu „Gönguvæn borg“
 - aðgerð um deilihagkerfið sem sett var fram af starfshópi um hringrásarhagkerfið á höfuðborgarsvæðinu, en þar er kveðið á um að Reykjavíkurborg geri ráð fyrir deilisvæðum í skipulagi þar sem megin finna til dæmis stæði fyrir deilibíla.
- Lagt til að Reykjavíkurborg setji sér stefnu og markmið um deilibíla.

Efla deilibíla

Samantekt - forgangsröðun

- Áhersla er lögð á að:
 1. Innleiða deilibílakort til að styrkja rekstur á einnar-ferðar deilibílaþjónustu (tillaga 1)
 2. Fá tveggja-ferða deilibílaþjónustu aftur til leiks
 - Reykjavíkurborg noti deilibíla fyrir starfsemi sína og starfsmenn (tillaga 4)
 - Styrkir/þjónustusamningar (tillaga 2)
- Eftirfylgni við uppbyggingarreiti (tillaga 3) mikilvæg
- Stefna mikilvæg (tillaga 5)
 - Getur aðstoðað við endurskoðun á gjaldskrá sem dæmi
- Deilibílar mikilvægir í vegferðinni að ná fram breyttum ferðavenjum. Þörf á aðkomu sveitarfélaga til að styrkja rekstrargrundvöll þeirra.